

STJÓRNARTÍÐINDI A 1 — 1975

13. janúar 1975.

1

Nr. 1.

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 27. janúar 1975, kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 13. janúar 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

13. febr. 1975.

Nr. 2.

L Ö G

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands
um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hafi innflytjandi vöru afhent skjöl til tollmeðferðar fyrir 12. febrúar 1975, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað, sbr. 15., 16., 18. og 19. gr. tollskrárlaga nr. 6/1974, þá skal miða gjöld af henni við það gengi, sem í gildi var, er bankar lokuðu hinn 11. febrúar 1975, en þó því aðeins, að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 1. mars 1975.

Tollafgreiða skal vöru, sem afhent hefur verið innflytjanda með leyfi toll-yfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, á grundvelli gamla gengisins, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir lok apríl 1975.

2. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar skjölin eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil að frádrögnum gengismun, sem hér segir:

- a) Fyrir afurðir framleiddar fyrir 1. september 1974 skal frádráttur nema 34%.
- b) Fyrir afurðir framleiddar á tímabilinu 1. september 1974 til 15. febrúar 1975 skal frádráttur nema 20%. Undanþegnar eru þó afurðir þorskveiða, sem framleiddar eru frá og með 1. janúar 1975.